

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, Hafnarstræti 1, Ísafirði, (verksali) og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, kt. 650914-0740, Sindragötu 6, Ísafirði, (verkkaupi) gera með sér svohljóðandi

## viðauka við samning um sjúkraflutninga á svæði Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

sem gerður var á milli ofangreindra aðila þann 25. september 2020 um að verksali annist sjúkraflutninga fyrir verkkaupa skv. kröfulýsingu samningsins á svæði Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, en þjónustusvæðið er frá Ísafjarðará í Ísafirði til Dynjandisheiðar í Arnarfirði, eins og nánar er skýrt í 2. kafla samningsins.

Viðaukinn er gerður í kjölfar athugasemda verkkaupa um fyrirkomulag við útreiknings verðs, verðgrundvöllu og verðbóta, skv. 4. kafla samningsins.

Hér með fallast samningsaðilar á að ákvæði 4.3. í samningnum verði breytt og verði svohljóðandi:

„Fjárhæð skv. gr. 4.1 er á lokaverðlagi ársins 2019. Grunnlaunavísitala í nóvember 2019 er 698,7 og grunnneysliverðsvísitala til verðtryggingar í janúar 2020 er 472,8. Frá og með árinu 2021 skal greiðsla verkkaupa skv. grein 4.1 breytast árlega í samræmi við launavísitölu og vísitölu neysliverðs til verðtryggingar hvers árs. Við uppreikning í janúar miðast launavísitala við nóvember fyrra árs en vísitala neysliverðs til verðtryggingar við janúar ár hvert. Miðað er við að 90% sé vegna launakostnaðar og 10% sé vegna annars kostnaðar. Samningurinn hækkar um hver áramót samkvæmt forsendum þeim sem lýst er að ofan, fyrst í janúar 2021.“

Viðauki þessi gildir frá og með 1. janúar 2021 og gildir til 31. desember 2024, í samræmi við 14. kafla samningsins. Stefnt er að áframhaldandi samstarfi að samningstíma loknum.

Viðauki þess, eins og samningurinn, er uppsegjanlegur af beggja hálfu með a.m.k. tólf mánaða fyrirvara miðað við áramót og skal uppsögn vera skrifleg.

Viðauki þessi er undirritaður í þremur samhljóða eintökum og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörslu verkkaupa, eitt eintak í vörslu verksala og eitt eintak skal vera í vörslu heilbrigðisráðuneytisins. Samningur þessi er undirritaður f.h. Ísafjarðarbæjar með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Ísafirði, 9. apríl 2021

F.h. Ísafjarðarbæjar

---

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri

F.h. Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða

Heilbrigðisstofnun

Vestfjarða

---

Gylfi Ólafsson, forstjóri